



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða – 153. löggjafarþing. IRN22060157
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneytið/Skrifstofa samgangna
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	29.06.2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að ráðist verði í skilgreindar þjóðhagslega arðsamar flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila. Þar er einnig lögð áhersla á að mótuð verði áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannaþjóða. Þá verði stofnað opinbert félag um jarðgangagerð.

Fyrstu skrefin í þá átt að flýta þjóðhagslega arðsömum samgönguframkvæmdum voru tekin með gildistöku laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, nr. 80/2020, þar sem veitt var heimild til að semja við einkaaðila um samvinnu við sex tilgreindar framkvæmdir. Lykilþáttur slíkra verkefna er að forsendur séu fyrir innheimtu notkunargjalda af notendum mannvirkjanna og framkvæmdakostnaður sé þannig endurheimtur, a.m.k. að mestum hluta. Þá kom fram í greinargerð með samgönguáætlun 2020 til 2034 að stefnt sé að gjaldtöku af umferð í jarðgöngum á Íslandi sem fjármagna eigi rekstur og viðhald ganganna sem og hluta framkvæmdakostnaðar nýrra jarðganga.

Margvíslegur þjóðfélagslegur ávinningur fylgir því að flýta slíkum framkvæmdum, s.s. aukið umferðaröryggi, stytting leiða með þeim jákvæðu umhverfisáhrifum sem því fylgja og betri og öruggari tengingar byggða og atvinnusvæða.

Í samvinnu innviðaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Vegagerðarinnar hefur verið unnið að mótun traustar og hagfelldrar umgjarðar slíkra innviðaverkefna til framtíðar. Greiningar benda til þess að fýsilegast sé að halda utan um slík verkefni í opinberu hlutafélagi sem verði að fullu í eigu ríkisins. Þannig fæst skýr umgjörð og utanumhald um þessi verkefni. Lykilþáttur í starfsemi félagsins er að halda utan um fjármögnun verkanna, þ.m.t. innheimtu notkunargjalda. Eftir á þó að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að það verði í einu slíku félagi eða fleirum.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Markmið frumvarpsins er að greiða fyrir flýtingu mikilvægra framkvæmda með því að afla lagaheimildar til stofnunar opinbers hlutafélags eða hlutafélaga um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða. Í frumvarpinu verður hlutverk og markmið slíks félags skilgreint nánar ásamt þeim heimildum sem það hefur.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Ekki er til staðar lagaheimild til stofnunar opinbers hlutafélags um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Stefna ríkisstjórnarinnar er að ráðist skuli í skilgreindar þjóðhagslega arðsamar flýti framkvæmdir í samgöngum á grundvelli fölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila. Þá er einnig lögð áhersla á að mótuð verði áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannaþjóða í því samhengi. Stofnað verði opinbert félag um jarðgangagerð. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Markmið frumvarpsins er að greiða fyrir flýtingu mikilvægra framkvæmda með því að afla lagaheimildar til stofnunar opinbers hlutafélags um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Án heimildar í lögum yrði ekki af stofnun opinbers hlutafélags eða hlutafélaga um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða og þar með myndu ekki nást markmið um flýtingu þessara mikilvægu framkvæmda. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Ekki eru aðrar leiðir færar ef ná á markmiðum. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Skoðað hefur verið hvort rétt væri að fella heimild til stofnunar opinbers hlutafélags eða hlutafélaga um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða inn í þegar gildandi lög, s.s. lög um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, nr. 80/2020. Hagfelldara er þó talið að sett verði sérstök ný lög um stofnun félagsins eða félaganna þar sem hlutverk, markmið og heimildir eru settar fram með skýrum hætti.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um heimild til stofnunar opinbers hlutafélags um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða. Hugsanlega verður lagt til að félögin verði fleiri en eitt. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Tekið verður til skoðunar við frumvarpsgerðina hvort rétt sé að gera jafnframt breytingar á ákvæðum laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, nr. 80/2020.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarpjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Frumvarpið varðar alla landsmenn sem hag hafa af því að hægt verði að flýta uppbyggingu mikilvægra samgönguinnviða. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, fjármála- og efnahagsráðuneytis. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Áformin byggja á samvinnu innviðaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Vegagerðarinnar. Annað samráð hefur ekki farið fram á þessu stigi. 4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er að setja þessi áform um lagasetningu og síðar drög að frumvarpi í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Þó frumvarpið hafi ekki bein áhrif á ríkissjóð er það hluti áforma um flýtingu mikilvægra samgönguinnviða með töku notkunargjalda. Fjármögnun slíkra framkvæmda mun geta haft áhrif á fjárhag ríkissjóðs þó framkvæmdakostnaður verði endurheimtur yfir lengri tíma.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Miðað verður við að lögin taki þegar gildi. Ekki er talin þörf á sérstökum aðlögunartíma og stefnt að því að hægt verði að stofna umrætt félag eða félög sem fyrst eftir gildistöku. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Heimild fáið til stofnunar umrædds félags eða félaga. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum